

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2008

Í Menningar- og bókasafnsnefnd sitja (frá 15. júlí 2008): Rósa S. Baldursdóttir, formaður (B), Kristín Gísladóttir, (D) og Harpa Guðmundsdóttir, (S). Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður (í heilli stöðu), Guðrún Erla Hákonardóttir (í 40% stöðu), Guðbjörg Ásgeirsdóttir (í 40% stöðu) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% stöðu).

Safnkostur, þjónusta og útlán

Við árslok var búið að skrá inn 16.978 safngögn (15.884 í fyrra), sem skiptast í bækur, hljóðbækur, tímaritshefti, tölvugögn, DVD myndir, snældur og myndbönd.

Samstarfssamningur frá 1. maí 2007 um að eitt og sama skírteinið gildi á almenningsbókasöfnum á Reykjanesi var endurnýjaður 1. maí 2008 um leið og Sandgerði bættist í hópinn. Þá er Garður eftir en þeir vinna að því að koma inn í samstarfið líka. Grindvíkingar þurfa að greiða árgjald hjá einhverju einu hinna safnanna ef áhugi er á að nýta sér þau, þannig fáum við aðgang að fjórum söfnum fyrir eitt árgjald.

Heildarútlán voru tæplega 15.000, sem er nokkur aukning á milli ára (13.900 í fyrra). Millisafnalán hafa aukist lítillega, en útlán tímarita drógust nokkuð saman vegna þess að nú eru nýjustu blöðin ekki lánuð út fyrr en næsta blað kemur út. Margir setjast því niður og lesa blöðin hjá okkur frekar en að bíða og taka þau með heim síðar.

Útlán skiptast þannig:

- Bækur um 12.000 eintök (þar af tóku börn og unglingar sjálf um 1.300 eintök)
- Annað efni um 2.500 (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni)
- Hljóðbækur tæplega 500 (í millisafnaláni frá Blindrabókasafni (auk annarra millisafnalána.)).

Bókakassar eru lánaðir um borð í skip og frá því í haust fá leikskólarnir líka kassa.

Við lok árs var búið að gefa út 1070 lánþegaskírteini (876 um áramótin '07-'08)



Nokkrir nemendur Grunnskólans komu í heimsókn

Komur gesta á safnið

Samkvæmt talningu fjólgar gestum á viku að meðaltali upp í 178 (úr 155). Þar af eru unglingar þó aðeins um 11 (úr 10) að meðaltali og börn 39 (úr 31). Reyndar hefur verið mikil útlánaaukning á skólasafni Grunnskólans síðustu tvö árin, sem getur skýrt nokkuð fall útlána á barnabókum hér þessi ár. Börnin eru því ekki hætt að lesa bækur, sem betur fer.

Netið er svo auðvitað handhægur miðill fyrir unga fólkið. Lánþegar endurnýja lánin sín á netinu í stað þess að koma á safnið.


Notkun á netupplýsinga-veitum eykst ár frá ári, en nokkrar eru á vegum bókasafnanna í landinu, m. a. Vefbókasafnið (www.vefbokasafn.is) og Hvar.is (www.hvar.is), sem fær mikinn fjölda heimsóknna á ári, enda hægt að ná í margs konar efni og fræðilegar greinar í fullri lengd.

Viðburðir og fleira 2008

Haldið var upp á Viku bókarinnar með hefðbundnum hætti í apríl; sektarfrí vika, hressing í boði og nemendur úr Tónlistaskóla Grindavíkur léku á hljóðfæri í Verslunarmiðstöðinni síðasta vetrardag og stúlkur úr Grunnskólanum lásu upp. Þeir sem gáfu sér tíma til að stoppa í öllum dagsins, skemmtu sér vel með krökkunum. Boðið var til árlegrar barna-leiksýningar í Festi á Sumardaginn fyrsta.

Undanfarin vor hafa kennarar Grunnskólans verið okkur innan handar við að dreifa auglýsingu um sumarlesturinn til nemenda sinna um leið og vitnisburður er afhentur. Þeir hafa hvatt krakkana til þátttöku og þökkum við þeim fyrir það.

Sumarlestur bókasafnsins stóð frá byrjun júní til 15. júlí og skráðu 66 krakkar sig til leiks og 44 þeirra skiluðu allt frá einni lesinni bók til tuttugu, en meðaltalið var rúmlega 6 bækur á hvern. Allir þátttakendur fengu lestrardagbók og þrjú duglegustu lestrarhestarnir fengu viðurkenningu. Auk þess voru þrjú vinningar í happadrættinu sem fylgdi sumarlestrinum, en allir fengu happadrættismiða fyrir hverja lesna bók.



Lestrarhestar 2008

Samstarf var með Bókasafni Grindavíkur, Bókasafni Reykjanesbæjar og Miðstöð símenntunar um námskeiðahald og fyrirlestra haust/vetur 2008-9. Námskeið MSS var/er um skapandi skrif og geta þeir sem þar tóku/taka þátt komið skrifum sínum á framfæri á söfnunum ef þeir vilja. Fyrirlestrar um ljóð og ljóðagerð var þrjú kvöld í október á Bókasafni Reykjanesbæjar og stendur til að vera með bókmenntakvöld um þjóðsögur á Bókasafni Grindavíkur eftir áramótin

– líklega í febrúar. Verkefnið voru styrkt af Menningarráði Suðurnesja.

Í Norrænu bókasafnavíkunni í nóvember var boðið upp á hressingu og sérstaka sögustund af þessu tilefni. Safnið var fánum skreytt og norrænir höfundar og bækur þeirra voru í forgrunni þessa viku. Íslensk orðatiltæki skreyttu vegg og ýmis hugtök sett á blöð og síðan hengd upp víða um Verslunarmiðstöðina. Á Degi íslenskrar tungu – 16. nóv. var boðið upp á dagskrá í Flagghúsinu. Þar kom fram ungt fólk sem spilaði og söng, sögur og ljóð voru lesin upp, m.a. Þjóðsaga frá Grænlandi, auk þess sem sungnar voru rímur og vísnagátur ráðnar af gestunum. Tæplega 50 manns mættu og höfðu gaman af.

Í desember var, í samstarfi við Amnesty á Íslandi, haldið Bréfamaraton 12. des. Það gæti orðið framhald á þessu samstarfi, en þó nokkur söfn víða um land tóku þátt og söfnuðust fimmfalt fleiri kort og bréf en árið áður. Bæjarskrifstofurnar og bókasafnið voru með n.k. „Opíð hús“ 19. des. Þá var opið til kl. 19:00 á safninu og boðið upp á ýmislegt föndur og sögustund fyrir þau yngri. Auk þess að óvænt útlán voru í boði, þ.e. undir jólatrénu voru bækur í jólapakka – þannig að lánþegi vissi ekki hvaða bækur hann var að fá heim með sér. Það sama var svo aftur í boði 23. des. í samstarfi við verslunar- og ferðaþjónustuaðila í Grindavík – Grindavík Experience.

Grindavík, 18. febrúar 2009
Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður Bókasafns Grindavíkur.